

Athugasemdir við Fjármálaáætlun 2018-2022, mál nr. 402.

nefndarsvid@althingi.is

24. apríl 2017

Elín Sigurveig Sigurðardóttir

050670-3929

Vinsamlegast staðfestið móttöku þessa pósts.

**Fyrir hönd Íslenskra Fjallaleiðsögumanna ehf. gerir undirrituð athugasemdir við fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar 2018-2022, mál nr. 402.**

**Markmiðið.**

Til að byrja með verður að velta fyrir sér hvert sé markmiðið með því að setja ferðþjónustu upp í hærra þrep vsk 24% vsk sem síðan á á lækka í 22,5%. Er það til að afla meiri tekna eða er það til að sporna við frekari fjölgun ferðamanna á landinu?

Ef markmiðið með hækkun vsk á ferðþjónustu sé að fá inn auknar skatttekjur er ekki líklegt að árangur verði í samræmi við áætlun. Kaupendur þjónustunnar munu aðlaga sig. Erlendar ferðaskrifstofur munu í auknum mæli stunda sín viðskipti milliliðalaust og án þess að greiða skatta og gjöld hér á landi.

Erlendi ferðamaðurinn mun sjaldnar kaupa sér þjónustu hérlendis, ferðast á ódýrari hátt en áður og dvelja skemur. Það verða enn fleiri sem nota bílaleigubíla með tilheyrandi álagi á innviði. Hækkunin á vsk mun stuðla að ósjálfbærari ferðamennsku og stækkandi kolefnisspori.

Hér gæti virkað betur að sækja skatttekjur til þeirra aðila sem ekki greiða skatta í dag eins og tilfellið er með hluta heimagistingar, erlendar bókunarsíður og erlendar ferðaskrifstofur sem framkvæma sínar ferðir sjálfar hér á landi.

Ef markmiðið er að draga úr fjölda ferðamanna eru ýmsar aðrar leiðir betri, t.d. skoða komu skemmtiferðaskípa til landsins og takmarka fjölda þeirra í hverri höfn á hverjum tíma þannig að innviðir ráði betur við þann fjölda ferðamanna sem þeim fylgir (fjöldi rútubíla, leiðsögumanna, veitingastaða og snyrtinga). Komugjöld á háannatíma gætu dregið úr vexti á þeim tíma en hvatt fólk til að halda áfram að koma utan háannatíma. Betra eftirlit með erlendum aðilum og gæðakröfur til þeirra sem og gæðakröfur á innlenda aðila, gætu líka gert sitt gagn.

**Nokkur orð um samkeppnisstöðu Íslenskra ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjenda.**

Nú þegar er samkeppnisstaða innlendra ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjenda erfið. Með hækkandi gjöldum á greinina og styrkingu krónunnar hafa verð hækkað og viðbrögð samstarfsaðila erlendis (söluaðila) eru tvenns konar. Okkar reynsla er sú að „betri“ skrifstofurnar, þær sem ekki vilja slaka á gæðum og halda uppi ákveðnu þjónustustigi í ferðum sínum, hætta við ferðir til Íslands eða fresta því að byrja með ferðir á Íslandi og fara einfaldlega til annarra landa, Noregs, Kanada, Nýja Sjálands,

Austur Evrópu eða annarra spennandi áfangastaða. Hinar reyna að skera niður kostnað og þá helst með því að stytta ferðirnar, skera niður þjónustu í ferðum eða sleppa ferðaskipuleggjendum hérlendis og koma með sína eigin leiðsögumenn og bílstjóra (og bíla). Oft eru leiðsögumennirnir ekki á launum, fá einfaldlega ferðina frítt eða fá greitt með vasapening og þeir sem fá laun fá yfirleitt greitt 100-150 EUR á dag sem er umtalsvert lægra en laun samkvæmt kjarasamningum leiðsögumanna hérlendis. Fyrir erlenda samkeppnisaðilann er þannig launakostnaður (bæði leiðsögumanns og bílstjóra) lægri og bílarnir sem fluttir eru inn tímabundið eru ódýrari í innkaupum og rekstri en rúturnar hérlendis. Þessir aðilar starfa hér eftirlitslausir þar sem bílarnir eru ómerktir og þeir segjast einfaldlega vera með fjölskylduna á ferð þá sjaldan lögreglan stoppar þá. Erlendi aðilinn þarf því ekki að huga að hópferðaleyfi, hópferðaskoðun, meiraprófi, ökurita né öðru sem innlenda skrifstofan þarf að hafa á hreinu.

Þetta leiðir til afleitrar samkeppnisstöðu innlendra ferðaskrifstofa sem mun versna enn frekar með enn frekari hækkun skatta. Í raun er hugmyndin alvarleg aðför að þessum fyrirtækjum.

### **2017 ár sjálfbærrar ferðapjónustu.**

Það er sorglegt að á ári sjálfbærrar ferðapjónustu skuli útspil ríkisstjórnarinnar vera að leggja áherslu á að auka gjöld á greinina í stað þess að leggja áherslu á fagmennsku og gæði í greininni og stuðning við uppbyggingu og þróun í þessari ungu og óþroskuðu grein. Þegar farið var í að markaðssetja landið allt árið, til að byggja upp efnahag þess eftir hrun hefði átt að horfa til framtíðar, ákveða hvernig landi við sem íbúar vildum búa í og hvernig við ættum að skipuleggja móttöku ferðamanna í takt við það. Markmiðið hefði átt að vera sjálfbær og umhverfisvæn ferðapjónusta. Ennþá ætti það að vera markmiðið. Það ætti að ýta undir “slow travel” ferðamennsku og svokallaða ævintýraferðamenn (Adventure travellers) því það er sá hópur ferðamanna sem hefur bestu umhverfisvitundina og skilninginn, dvelur lengst, ferðast hægar, kaupir meira af dýrari þjónustu og skilur þar af leiðandi meira eftir í landinu þegar upp er staðið. (sjá markaðsrannsókir á vegum ATTA um Ævintýraferðapjónustu ). Hækkun vsk mun frekar stuðla að því að hrekja ferðamenn af þessari gerð burt því þeir munu einfaldlega bera verðin saman við verð í öðrum spennandi löndum.

Einfalt dæmi um þessa tegund ferðamennsku eru ferðir með litla hópa þar sem hámarksfjöldi í hóp er 12-16 farþegar, eftir því hvernig ferðir er um að ræða. Hópunum fylgja einn til tveir leiðsögumenn eftir aðstæðum. Þessi hópastærð er einkar heppileg í umhverfislegu tilliti. Hún lágmarkar kolefnissporið (miðað við einkabíla) og gerir stýringu á hópunum, ef viðkvæm svæði eru heimsótt, mjög auðveldar samanborið við þegar einstaklingar eru á ferð. Farþegar í litlum hópum ganga ekki örna sinna á almannafæri, leggja ekki húsbílum sínum í íbúðargötum, meðfram þjóðveginum eða fyrir framan verslanir. Farþegar í hópferðum þurfa sjaldnar aðstoð en einstaklingar og skapa minna álag fyrir innviði eins og löggæslu og björgunarsveitir. Þeim er stýrt þannig að samfélagið verður fyrir minna álagi af þeirra

völdum en nýtur góðs af þeim í verslun, gistingu, söfnum, sérhæfðum skoðunarferðum og annari þjónustu.

### **Fyrirvarinn.**

Enn einu sinni er ætlunin að bæta gjöldum á ferðaþjónustuna með fyrirvara sem er óásættanlegur. Ferðaskrifstofur eru nú þegar farnar að gefa úr verð fyrir árið 2019, verð sem nú þegar er búið að setja í prentaða bæklinga eða inn á heimasíður erlendra söluaðila og farþegar farnir að kaupa ferðir á þeim verðum hjá erlendu samstarfsaðilunum. Innlendar ferðaskrifstofur geta ekki skyndilega hækkað sín verð og sitja því enn einu sinni uppi með aukinn kostnað án þess að geta aðhafst mikið og horfa á afkomuna fara niður á við.

Breytingar á sköttum og öðrum gjöldum í greininni þarf að gera með a.m.k. 24 mánaða fyrirvara!

Að baki tillögu um hækkun vsk virðast ekki liggja nokkrar greiningar um áhrifin á ferðaþjónustu og mismunandi geira hennar. Hver verða áhrif á ferðaþjónustu á landsbyggðinni, þá sérstaklega þau svæði þar sem ekki er enn komin heilsárs ferðaþjónusta? Fáum við með dýrari ferðum, þá ferðamenn sem henta okkur best? Vita stjórnvöld og embættismenn hver áhrif mikillar gengisstyrkingar síðustu missera hafa verið á rekstur mismunandi fyrirtækja í ferðaþjónustu? Halda þau virkilega að það sé ekkert mál að bæta 11,5% hækkun ofan á gengisstyrkingu og umtalsverða hækkun launakostnaðar?

Með vinsemd og virðingu,

Elín Sigurveig Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Íslenskra Fjallaleiðsögumanna ehf